

Dags eftirlits	16.3.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Terra Efnaeyðing (áður Efnamóttakan)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Berghellu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6912982729	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Grétar Viðar Grétarsson	ÍSAT nr.	51.57.02
Fulltrúi fyrirtækis	Jón H Steingrímsson	Staðsetning	363053,302 408634,682

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi Terra efnaeyðingar. Tvö frávik komu fram við eftirlitið og tvær ábendingar voru gerðar. Rekstraraðili hefur lokið úrbótum vegna fráviks sem kom fram við eftirlit 2019.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi Terra efnaeyðingar að Berghellu 1 í Hafnarfirði og var boðað umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Niðurstaða síðasta eftirlits
- Grænt bókhald
- Kvartanir
- Umfang starfseminnar (gr.1.2)
- Gangsetning og stöðvun rekstrar (gr.1.5)
- Áhættumat og viðbragðsáætlun (gr.2.4)
- Eftirlitsmælingar (gr.4.2)
- Áhættumat
- Annað

### Niðurstaða síðasta eftirlits:

Rekstraraðili hefur lokið vinnu við úrbætur vegna fráviks sem framkomu við eftirlit árið 2019 og úrbótaáætlun vegna þess frá 7. maí 2020. Rekstraraðili hefur komið fyrir 40 feta skipagámi til tímabundinnar geymslu raftækja, til staðar eru dúkar og segl til yfirbreiðslu, og lokið er við reisingu útiskýlis, þ.e þaki og afturgafli á milli fjögurra 40 feta gáma.

### Grænt bókhald

Í eftirlitinu var bent á að í græna bókhaldinu er stærð safnþróarinnar fyrir affall af gólfi í húsi ekki rétt í kaflanum „Safnþró fyrir affall af gólfi í húsi“ og að útreikningar vegna skráningar frárennslis eru ekki réttir. Í útreikningunum í fylgiskjali 1 er ársrennslíð notað sem heildarrennslí á mánuði, leiðrétt þarf þessi tvö atriði í næsta græna bókhaldi.

### Kvartanir

Umhverfisstofnun barst þann 23. janúar 2022 kvörtun þess efnis að rekstraraðilinn pressaði frystitæki og ísskápa í bagga og urði án þess að tæma kæligas af búnaðinum. Í eftirlitinu kom fram að kæligas er tæmt af öllum kælikápum og frystum. Frá síðustu áramótum hafa öll kælitæki verið send úr landi til meðhöndlunar og endurvinnslu. Fram að því var sá hluti kælitækja sem ekki innihélt freon í einangrun sendur í brotamálsvinnslu innanlands.

Rekstraraðili skráir sjálfur þær kvartanir sem berast til fyrirtækisins og frá árinu 2021 hafa fyrirtækinu borist fjórar kvartanir, fyrst og fremst vegna reikninga.

### Umfang starfseminnar

Í spilliefnamóttöku Terra efnaeyðingar er heimilt að taka á móti 7.900 tonnum á ári af spilliefnum, raftækjum og öðrum úrgangi til meðhöndlunar. Árið 2021 var tekið á móti 5.699 tonnum og er það vel innan marka starfsleyfisins.

Árið 2021 var tekið á móti: 853 tonn af rafgeymum og rafhlöðum, 812 tonn af olíu- og leysiefnum, 65 tonn af sóttmenguðum úrgangi, 306 tonn af öðrum spilliefnum en flokkarnir hér að ofan, 668 tonn af urðanlegum úrgangi, 1.427 tonn af endurvinnsluefni og 1.569 tonn af raftækjum. Allt nema magn urðanlegs úrgangs er innan marka skv. starfsleyfinu.

Um áramótin 2021/2022 var heildarmagn úrgangs á lóðinni 412 tonn og þar af 240 tonn brennanlegur úrgangur, sem er innan marka skv. starfsleyfinu.

### Gangsetning og stöðvun rekstrar

Rekstraraðili hefur gert áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og var þessi áætlun til staðar í eftirlitinu. Rekstraraðili fékk útprentaða tillögu Umhverfisstofnunar að álíka áætlun.

### Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili hefur gert viðbragðsáætlun og er hún til staðar á mörgum stöðum í fyrirtækinu og eru starfsmenn upplýstir um tilvist hennar. Áætlunin er einnig í kassa við innkeyrslu á lóðina fyrir viðbragðsaðila ef á þarf að halda.

## Eftirlitsmælingar

Framkvæmdar eru eftirlitsmælingar á hverju ári úr safnþró. Samkvæmt starfsleyfinu á að taka sýni úr olíuskiljunni einu sinni á ári. Yfirborðsvatn rennur um olíuskiljuna og í stóru safnþróna og þar í bætist einnig við vatnið úr litlu safnþrónni og er því sýnataka úr stóru safnþrónni heildarmæling á það vatn sem kemur frá starfseminni þó mjög útþynnt vegna ofanvatns.

Tekið er fram í starfsleyfinu hvaða mælipættir skulu mældir ár hvert. Rekstraraðili skilar skýrslu um eftirlitsmælingarnar í græna bókhaldinu ár hvert. Upplýsingar um styrk króms og lífrænna halógensambanda vantar í skýrsluna. Einnig vantaði í skýrsluna sem var skilað árið 2021 upplýsingar um pH, leiðni, hitastig og heildarmagn svifagna. Þessar upplýsingar voru hins vegar til staðar í eftirlitinu.

## Áhættumat

Rætt var um áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirliti ber Umhverfisstofnun að ákvarða tíðni reglubundins eftirlits út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar.

## Annað

Öll lóð fyrirtækisins virkar sem ein stór lekabytta. Heildarmagn vökva sem lekabyttan getur innihaldið er 115 m<sup>3</sup>. Reynt er að aðskilja efni sem við, óhapp eða slys hvarfast saman með útvarma áhrifum eða sprengihættu.

Kynnt var heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
7. mgr, 8. gr reglugerð 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. og 1.2 gr. í starfsleyfi rekstraraðila	Magn urðanlegs úrgangs sem tekið var á móti árið 2021 var 668 tonn. Samkvæmt starfsleyfi er heimilt að taka á móti 550 tonnum af urðanlegum úrgangi á ári.
Grein 4.2 í starfsleyfi rekstraraðila	Styrkur króms og lífrænna halógensambanda var ekki mælt í frárennslisvatni. Samkvæmt starfsleyfi skal rekstraraðili vakta frárennslisvatn samkvæmt mælingaáætlun einu sinni á ári.

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á misræmi í grænubókhalda um stærð safnþróar frá húsi og að skráning frárennslis er vitlaust reiknað í græna bókhaldinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

---



